# FRÉTTABLAÐIÐ

285. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 3. DESEMBER 2018


# Mikil aukning á slysum vegna lyfjaaksturs

**Á sjöunda tug hafa látist eða slasast í slysum sem má rekja til fíkniefnaaksturs fyrstu átta mánuði ársins. Samskiptastjóri Samgöngustofu segir þetta knýjandi verkefni sem samfélagið þurfi að taka á. Þeim fjölgar sem slasast í slysum vegna framanákeyrslna.**

**SAMGÖNGUR** „Það er mjög erfitt að eiga við þessa miklu aukningu í fíkniefnaakstri. Fyrir fólk sem er að brjóta af sér með því að nota fíkniefni yfir höfuð er það að aka undir áhrifum ekki endilega mikill þröskuldur. Notendur fíkniefna eru fyrst og fremst sjálfum sér verstir en ef þeir eru komnir út í umferðina undir áhrifum eru þeir líka orðnir hættulegir fyrir allt umhverfið,“ segir Þórhildur Elín Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu.

Samkvæmt tölum frá stofnuninni hafa á fyrstu átta mánuðum ársins 67 manns látist eða slasast vegna fíkniefnaaksturs. Á sama tíma á síðasta ári höfðu 35 látist eða slasast en þeir voru 52 allt síðasta ár.

Sé horft til þeirra sem hafa látist eða slasast alvarlega vegna fíkniefnaaksturs voru það 10 einstaklingar fyrstu átta mánuði ársins og hafa þeir aldrei verið fleiri síðan mælingar hófust, hvorki á fyrstu átta mánuðum árs né yfir heilt ár. Á síðasta ári voru þetta níu einstaklingar og átta árið áður.

„Þetta er rosalega brött aukning. Þetta er eitt af stærstu áhyggjuefnum okkar og augljóslega mjög knýjandi verkefni fyrir heilbrigðiskerfið og samfélagið allt. Velferðarþjónustan okkar, skólar og fræðsluyfirvöld þurfa að koma að því að taka á þessum vanda,“ segir Þórhildur Elín.

Þegar kemur að ölvunarakstri er staðan svipuð og síðastliðin tvö ár. Fyrstu átta mánuði ársins létust eða slösuðust 47 vegna ölvunaraksturs en þeir sem létust eða slösuðust alvarlega voru sjö.

„Við höfum auðvitað alltaf áhyggjur af ölvunarakstri og erum í sérstöku átaki núna. Nú liggur fyrir frumvarp til nýrra umferðarlaga sem gerir ráð fyrir enn strangari

> Þetta er rosalega brött aukning. Þetta er eitt af stærstu áhyggjuefnum okkar.
>
> Þórhildur Elín Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu



refsimörkum. Það styður hvað við annað. Við viljum auðvitað sjá enn meiri árangur og ef frumvarpið verður óbreytt að lögum getur fólk alveg hætt að reikna það út hvort það geti fengið sér einn drykk áður en það keyrir.“

Þórhildur Elín bendir á að því miður hafi orðið mikil aukning í slysum vegna framanákeyrslna. Fyrstu átta mánuði ársins létust eða slösuðust 46 í slíkum slysum en á sama tíma í fyrra voru þeir 37. Aukningin er líka mikil ef litið er til þeirra sem hafa látist eða slasast alvarlega en þeir voru 20 fyrstu átta mánuði ársins en átta á sama tíma í fyrra.

„Þarna er oft um að ræða ökumenn sem eru að taka fram úr. Taka séns sem þeir ættu ekki að taka. Svo hefur umferðin aukist mjög mikið þannig það eru fleiri bílar á vegunum. Það er of stutt bil á milli bíla þannig að ef einhver lendir í vandræðum með framúrakstur kemst hann kannski ekki til baka. Fólk ofmetur getu sína og vanmetur aðstæður. Það er segin saga að þá verður slysahættan umtalsvert meiri.“ sighvatur@frettabladid.is



Jólagleðin var allsráðandi á Austurvelli í gær þegar ljósin á Óslóartrénu voru tendruð, líkt og venja er á fyrsta sunnudegi í aðventu. Þetta er í þriðja sinn sem tréð kemur úr Norðmannalundi í Heiðmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þing hefst að nýju eftir hneykslismál

**ALÞINGI** Fyrsti þingfundur eftir að hneykslismálið á Klaustri varð opinbert verður haldinn klukkan þrjú síðdegis. Forseti þingsins segir fundinn ekki hefjast með hefðbundnum hætti.

Þingmenn hafa síðustu daga ráðið ráðum sínum um hvernig þeir eigi að bregðast við ef fjórir af þeim sex sem töluðu illa um annað fólk á Klaustri ætla sér að mæta til þings eins og ekkert hafi í skorist.



– sa / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um Klausturupptökurnar. 9

**SPORT** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta komst í umspil um laust sæti á HM. 13

**TÍMAMÓT** Fjölþjóðlegur hópur nýdoktora var heiðraður í Háskóla Íslands. 30

**LÍFIÐ** Ferðamenn fara 100 ár aftur í tímann í Laugarvatnshelli. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Breytileg átt 5-13 og dregur úr éljum fyrir norðan, en þykknar upp með snjókoma á köflum V-lands undir kvöld, einkum SV-til. Frost 2 til 12 stig, kaldast N-til. SJÁ SÍÐU 16




**Stundin þurfti að bera sinn hluta málskostnaðar þrátt fyrir sýknuna.**

# Stundin sýknuð í meiðyrðamáli

**DÓMSMÁL** Hjálmar Friðriksson og Útgáfufélagið Stundin ehf. voru í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi sýknuð af kröfu um greiðslu miskabóta vegna meiðyrða sem Emma Caroline Fernandez, íslenskur læknir, taldi sig hafa orðið fyrir.

Í október 2015 var sagt frá því í íslenskum fjölmiðlum að Emma hefði verið ákærð í Ungverjalandi fyrir tilraun til manndráps en atvikið átti sér stað er hún var þar við nám. Frétt Stundarinnar var byggð á ungverskum miðlum og voru þau mistök gerð við þýðingu að ákært væri fyrir manndrápstilraun. Hið rétta var að um sérstaklega hættulega líkamsárás var að ræða.

„Stefndu ræddu við þáverandi lögmann stefnanda við undirbúning fréttarinnar og var í lófa lagið að leita skýringa og staðfestingar á því fyrir hvað stefnandi væri ákærð og hvaða afleiðingar árásin hefði haft. Þó stefndu hafi ekki gætt þeirrar nákvæmni sem lög um fjölmiðla og siðareglur blaðamanna gera ráð fyrir verður ekki fallist á að ummælin hafi verið hreinn uppspuni og tilhæfulaus,“ segir í dómnum.

> **Þó stefndu hafi ekki gætt þeirrar nákvæmni sem lög um fjölmiðla […] gera ráð fyrir ...**
>
> Úr dómi Héraðsdóms Reykjavíkur

Þrátt fyrir sýknuna voru Hjálmar og Stundin látin bera sinn hluta málskostnaðar. **– jóe**

## Aldarafmæli fagnað



**Landsmenn fögnuðu 100 ára afmæli fullveldisins á laugardaginn. Alþingi opnaði dyr sínar af því tilefni og margir nýttu tækifærið til að kynna sér þingheim. Á sama tíma fór mótmælafundur fram á Austurvelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá fullveldishátíðinni eru á Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Algalíf slapp ekki við gjaldið

**STJÓRNSÝSLA** Yfirskattanefnd hafnaði á dögunum kröfu Algalíf Iceland ehf. um niðurfellingu á stimpilgjöldum vegna sölu á fasteignum.

Algalíf Iceland er dótturfyrirtæki hins norska Algalif AS og rekur fyrirtækið smáþörungaverksmiðju á Reykjanesi. Samkvæmt lögum er fyrirtækið undanþegið greiðslu allra stimpilgjalda hér á landi.

Í sumar seldi Algalíf félaginu Keflavík Properties fasteignir sínar en eigendur félaganna eru þeir sömu. Samkvæmt samningnum skyldi Algalíf greiða þau gjöld sem af samningnum hlutust, stimpilgjöld upp á 4,2 milljónir króna.

Yfirskattanefnd taldi að lög um stimpilgjald fælu í sér að sá aðili sem öðlast eignarráð að hinni yfirfærðu fasteign, það er kaupandi hennar, væri hinn gjaldskyldi aðili. Samningur kaupanda og seljanda á annan veg gæti ekki breytt því. **– jóe**




# Hefur tekið á móti hundruðum barna

**Þórdís Ágústsdóttir útskrifaðist sem ljósmóðir árið 1976. Hún lauk störfum á Landspítalanum fyrir helgi. Samfélagið hefur gjörbreyst á þessum árum og tækni og þjónusta við verðandi foreldra með allt öðrum hætti en þegar hún hóf störf.**

**SAMFÉLAG** Þórdís Ágústsdóttir ljósmóðir hætti fyrir helgi störfum eftir 42 ár í faginu, í þágu verðandi mæðra og barna þeirra.

Hún segir gríðarlega margt hafa breyst á þessum rúmu fjórum áratugum og hefur ekki tölu á hve mörgum börnum hún hefur tekið á móti á ferlinum.

„Þetta er krefjandi starf en við sem störfum við það höfum ástríðu fyrir starfinu, við elskum starfið okkar,“ segir Þórdís sem nú fagnar því að fá meiri tíma fyrir fjölskyldu og vini auk ritstarfa.

„Ég starfaði á Fæðingarheimilinu í Reykjavík þar sem ég vann með hléum til 1992. Þá fór ég á sængurkvennadeildina til 2000. Frá aldamótunum hef ég svo verið á fæðingarvaktinni. Ég hef því komið víða við.“

Ferill hennar spannar mjög áhugaverða tíma þar sem samfélagið gjörbreyttist á þeim tíma sem hún var starfandi. „Það hefur mjög margt breyst og við getum sagt að hvergi eru eins miklar öfgar og í okkar fagi.“

Þórdís nefnir að minnisstæðast hafi verið sængurlega kvenna í upphafi ferils hennar en þá hafi konur ekki mátt standa upp eftir fæðingu í tvo sólarhringa.

„Þegar ég var að læra lágu konur og máttu ekki hreyfa sig eftir barnsburð. Börnin voru tekin af þeim og sett inn á barnastofu. Allar konur að drepast í brjóstunum og ljósmæðurnar að standa í því að laga það með heitum bökstrum og hvaðeina. En til allrar hamingju var þróun til betri vegar í þeim málum,“ segir Þórdís.



**Þórdís vann sinn síðasta dag á Landspítala fyrir helgi.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Það er stór breyting að feður fengu að vera þátttakendur í þessu ferli. Það er afar dýrmætt fyrir þá.**
>
> Þórdís Ágústsdóttir, ljósmóðir til 42 ára



„Svo er stór breyting að feður fengu að vera þátttakendur í þessu ferli en ekki lokaðir úti. Það er afar dýrmætt fyrir þá.“

Þórdís bætir við að starfið hafi alltaf átt vel við hana og veitt henni ánægju.

„Þessi vinna gefur af sér. Stundum kemur þú á vakt og situr yfir sömu konunni sem fæðir ekki á vaktinni en það er jafn gefandi. Þá er það öll aðkoma í ferlinu sem skiptir máli og fæðingin er að okkar mati bónus.“

**sveinn@frettabladid.is**



Margrét Þórhildur Danadrottning kynnti sér Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur á laugardaginn í fylgd forsetahjónanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fullveldinu fagnað með fjölbreyttum hætti

**Það var af nógu að taka fyrir landsmenn á laugardaginn þegar fullveldi Íslands varð aldargamalt. Fjölmargir kynntu sér húsakynni þingheims á meðan aðrir hlýddu á ræðu forsætisráðherra við stjórnarráðið. Aðrir héldu á Austurvöll til að láta í sér heyra.**



Þessar stúlkur lögðu eyra að hljóðverkinu Vituð ér enn eða hvat?



Forsætisráðherra flutti ávarp við stjórnarráðið.



Margrét Þórhildur koma víða við. Hér er hún á Bessastöðum.



Mótmælafundur fór fram á Austurvelli.



Fjölmenni var við stjórnarráðið.





Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS

Taktu þátt!
Með þátttöku sinni í Happdrætti DAS hefur fólkið í landinu lyft grettistaki í málefnum aldraðra. Öldruðum fjölgar og biðlistar lengjast svo þörfin á nýjum úrræðum er mikil.

# Koma jólin snemma í ár?

Bygging hjúkrunarheimilis, þjónustumiðstöðvar og leiguíbúða fyrir aldraða við Sléttuveg er vel á veg komin. Gert er ráð fyrir verklokum í árslok 2019.

## Meira en 100 milljónir dregnar út í desember

30 milljóna króna vinningur á tvöfaldan miða

Kauptu miða núna á das.is eða í síma 561 77 57

HAPPDRÆTTI das

Fylgstu með okkur á Facebook og á das.is

Miðaverð er 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða

# Formaður Dómarafélagsins vonsvikinn með krónutöluna en fagnar frumvarpinu

**ALÞINGI** Formaður Dómarafélags Íslands (DÍ) lýsir yfir vonbrigðum með krónutöluna sem dómurum er ákveðin í frumvarpi um nýtt launafyrirkomulag embættismanna sem áður heyrðu undir kjararáð. Hún fagnar hins vegar þeim fyrirsjáanleika og gagnsæi sem í frumvarpinu felst.

Frumvarpið var birt á vef Alþingis í gær. Í því felst að laun ákveðinna embættismanna og hópa, til að mynda þingmanna, saksóknara og dómara, verða ákveðin með fastri krónutölufjárhæð í lögum. Sú tekur breytingum einu sinni á ári í samræmi við breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins fyrir næsta almanaksár.

> Það hefur verið frysting á launum okkar í mörg ár.
>
> Ingibjörg Þorsteinsdóttir, formaður Dómarafélags Íslands



Í tilfelli dómara er hin fasta krónutala sú sama og kjararáð ákvað. Landsréttardómarar og varaforseti Hæstaréttar fengu launaákvörðun árið 2017 en um aðra dómara gildir ákvörðun frá árinu 2015 auk almennrar hækkunar frá 2016. Líklegt er að lögin verði samþykkt fyrir áramót og fyrsta breyting samkvæmt þeim verði 1. júlí á næsta ári. Það þýðir því að laun flestra dómara landsins munu engum breytingum taka í þrjú ár.

„Við höfum í raun beðið eftir því að lögum væri fylgt. Þegar lögunum um kjararáð var breytt árið 2016 kom inn skýrt ákvæði um að laun yrðu endurskoðuð minnst einu sinni á ári en engin ný ákvörðun var tekin og erindum okkar ekki svarað,“ segir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, formaður DÍ.

Formaðurinn segir það vel að breytingar á launum dómara verði fyrirsjáanlegar. Hins vegar sé þungt hljóð í mörgum dómurum þar sem laun þeirra hafi engum breytingum tekið í mörg ár. Hún telur líklegt að stjórn DÍ muni funda vegna efnis frumvarpsins.

„Það hefur verið frysting á launum í mörg ár og sú staðreynd kallar á að við endurskoðun fyrirkomulagsins verði tekið tillit til þess,“ segir Ingibjörg. **– jóe**

## Játuðu að hafa notað fölsuð vegabréf

**DÓMSMÁL** Þrír erlendir ríkisborgarar voru fyrir helgi dæmdir í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals, brot gegn lögum um útlendinga og brot gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Mennirnir höfðu allir framvísað fölsuðu litháísku vegabréfi hjá Þjóðskrá með það að marki að fá fullnaðarskráningu hér á landi. Gátu þeir með því starfað hér án þess að sækja um atvinnuleyfi.

> Mennirnir játuðu allir brot sín greiðlega og var litið til þess við ákvörðun refsingar.

Mennirnir voru handteknir í upphafi októbermánaðar. Játuðu þeir allir brot sín greiðlega og þótti unnt að binda refsinguna skilorði til tveggja ára sökum þess. Þeir voru allir dæmdir til að greiða þóknun verjenda sinna, um 250 þúsund krónur hver um sig. **– jóe**

## Felldi úrskurð RSK úr gildi

**STJÓRNSÝSLA** Yfirskattanefnd (YSKN) hefur fellt úr gildi úrskurð Ríkisskattstjóra (RSK) varðandi ráðstöfun séreignarsparnaðar einstaklings til niðurgreiðslu húsnæðisláns.

Umræddur einstaklingur eignaðist sína fyrstu íbúð árið 2014 en keypti aðra stærri tveimur árum síðar. Umrædd lög tóku hins vegar ekki gildi fyrr en 1. júlí 2017. Lögin giltu þó afturvirkt að hluta til ársins 2014. Við kaupin á fyrstu íbúðinni hafði hann nýtt séreignarsparnað til niðurgreiðslu höfuðstóls húsnæðislána og hafði hug á að gera það áfram. Það samþykkti RSK ekki.

Yfirskattanefnd taldi aftur á móti að til þeirra ráðstafana hefði verið gripið við fyrstu kaup hans. **– jóe**

# Tapi á samkeppnisrekstri mætt með greiðslum úr einkarétti

**Ekki liggur fyrir hjá Íslandspósti hve stóran hluta taps félagsins af samkeppni innan alþjónustu má rekja til innanlandsmarkaðar. Samkvæmt opinberum gögnum hefur viðvarandi tap verið á ákveðnum liðum innanlands. Samkeppnisaðila grunar að fyrirtækið niðurgreiði samkeppnisrekstur með einkarétti.**

**VIÐSKIPTI** Árin 2016 og 2017 nýtti Íslandspóstur (ÍSP) umtalsverðan hagnað af bréfum innan einkaréttar til að niðurgreiða tap sem hlaust af samkeppnisrekstri innan alþjónustu. Lögum samkvæmt er óheimilt að niðurgreiða þjónustugjöld í alþjónustu með einkaréttartekjum nema sýnt sé fram á að slíkt sé nauðsynlegt vegna alþjónustukvaða.

Fyrrgreind tvö ár hagnaðist ÍSP samtals um tæplega 868 milljónir vegna bréfa í einkarétti þó að bréfsendingum fækkaði á tímabilinu. Árið 2015 var afkoman jákvæð um 13 milljónir og því talsvert stórt stökk milli ára. Hagnaður ársins 2016 var í raun svo mikill að í fyrra íhugaði Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) að afturkalla ákvörðun sína um gjaldskrárhækkun innan einkaréttar.

Á sama tíma var afkoman af samkeppnisrekstri innan alþjónustu neikvæð um tæplega 1,5 milljarða. Stærstan hluta þess, tæplega 1,1 milljarð, má rekja til svokallaðra „Kínasendinga“ sem ekki fást að fullu greiddar vegna alþjóðlegra endastöðvasamninga. Afgangstapið, um 400 milljónir króna, er vegna annarrar samkeppni innanlands. Svar ÍSP við fyrirspurn Fréttablaðsins um sundurliðun tapsins eftir uppruna sendinga var á þann veg að þessar upplýsingar væru ekki teknar saman.

Í opinberum gögnum frá PFS kemur fram að viðvarandi tap hefur verið á ákveðnum samkeppnisrekstrarliðum innanlands en hve mikið það er hefur verið máð úr þeim vegna trúnaðar. ÍSP svaraði ekki fyrirspurn um hve mikið tapið hefði verið síðastliðin fimm ár. Yfir gjaldskrám þessa sviðs rekstrar síns hefur ÍSP fullt vald og þarf ekki samþykki frá PFS.




Frá árinu 2006 hefur Íslandspóstur fært sig meir og meir inn á flutningamarkað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Hæfilegur hagnaður rekstrarliða Íslandspósts er færður „undir strik“ í bókhaldi félagsins.

Þar með er þó ekki öll sagan sögð. Lög um póstþjónustu kveða á um að gjaldskrá skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustu að viðbættum hæfilegum hagnaði. Sá hluti hagnaðarins er færður „undir strik“ í yfirliti yfir bókhaldslegan aðskilnað einkaréttar og samkeppnisréttar og frá honum dregin söluafkoma eigna, afkoma dótturfélaga og aðrir liðir.

Sundurliðun á afkomu hvers hluta fyrir sig hefur aðeins einu sinni verið birt. Það var gert í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Willums Þórs Þórssonar og sýndi afkomuna fyrir árið 2014. Sé gert ráð fyrir að hlutfallsskiptingin milli starfsþátta nú sé svipuð og þá eykst hagnaðurinn innan einkaréttar um á annað hundrað milljónir að minnsta kosti. Tapið af samkeppni innan alþjónustu dregst að sama skapi saman um minnst tæpar 400 milljónir.

Það liggur fyrir að ÍSP hefur nýtt fjármuni úr einkaréttinum til að mæta tapi innan samkeppni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa samkeppnisaðilar ÍSP bent bæði PFS og Samkeppniseftirlitinu (SKE) á að þeir telji niðurgreiðsluna fara út fyrir þá heimild sem póstþjónustulögin veita. Bæði sé um háar upphæðir að ræða og þá liggi fyrir að tap sé á einstökum liðum í samkeppnisrekstri innanlands. Það sem af er ári hafa PFS og SKE bent hvort á annað vegna þessa. **joli@frettabladid.is**



IGNIS

MÍKRÓ JEPPI

SUZUKI

Way of Life!

# LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG SUZUKI IGNIS 4X4!

SUZUKI ER ÁREIÐANLEGASTI BÍLLINN SAMKVÆMT NIÐURSTÖÐUM ÁRLEGRAR KÖNNUNAR BRESKA BÍLARITSINS „WHAT CAR?“

VERÐ FRÁ KR.
**2.590.000**




ALLGRIP AUTO

- Allgrip auto fjórhjóladrifskerfi
- 18 cm undir lægsta punkt
- Sparneytin og öflug 1,2L Dualjet vél
- 4,7 m beygjuradíus
- Einnig fáanlegur með Mild Hybrid tvinnaflrásarvél

*Það er alltaf Suzuki veður!*

Suzuki Ignis er valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir akstursegiginleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt að utan sem innan.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100



**Frá mótmælum Gulu vestanna í París á laugardgainn.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Hefja loftslagsfund með öflugan meðbyr frá G20

**UMHVERFISMÁL** Fulltrúar tæplega 200 landa söfnuðust saman í pólsku borginni Katowice í gær við upphaf árlegrar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál. Fundinum var flýtt um einn dag sökum þeirra fjölmörgu úrlausnarefna sem greiða þarf úr á næstu dögum.

Fundurinn í Póllandi þykir afar mikilvæg prófraun fyrir þjóðirnar en nær allar þjóðir heims sammæltust um það í París í desember 2015 að halda hnattrænni hlýnun vel innan 2 gráða. Er nú vonast til þess að ríkin láti kné fylgja kviði og útlisti hvernig þau muni framfylgja markmiðum Parísarsamkomulagsins.

„Við erum samankomin hér til að hvetja heimsbyggðina til að taka höndum saman gegn loftslagsbreytingum,“ sagði umhverfisráðherra Póllands, Michal Kurtyka, sem stýrir fundarhöldunum.

Ráðstefnan í Póllandi fékk öflugan meðbyr í formi yfirlýsingar 19 af 20 G20-ríkjanna á dögunum um að þau myndu freista þess að framfylgja markmiðum Parísarkomulagsins. Bandaríkin studdu ekki yfirlýsinguna.

„Hin G20-löndin hafa ekki aðeins sýnt fram á að þau skilji vísindin sem búa að baki, heldur eru þau byrjuð að grípa til aðgerða til að stemma stigu við meiriháttar áhrifum loftslagsbreytinga og til að efla efnahag landa sinna,“ sagði Christiana Figueres, fyrrverandi framkvæmdastýra rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál.

Á meðal þess sem verður rætt í Katowice á næstu dögum er hvernig hægt verður að samrýna loftslagsbókhald ríkjanna og hvort markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda verði efld eftir árið 2020, auk þess verður ræddur fjárstuðningur við fátæk lönd sem eiga erfitt með að mæta breytingum á loftslagi og veðrakerfum einsömul. **– khn**









**Gunnar Bragi Sveinsson og Bergþór Ólason eru farnir í leyfi frá þingstörfum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Segir þingfund hefjast á óhefðbundinn hátt

**Fyrsti þingfundur eftir að samtal þingmanna Miðflokksins og Flokks fólksins var gert opinbert verður í dag. Kollegar þeirra leita nú leiða til að koma þingmönnunum í skilning um að þeir verði að víkja.**

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, mun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefja þingfund í dag með því að lesa stutta yfirlýsingu frá forseta vegna uppákomunnar fyrir helgi þegar upp komst um illt umtal þingmanna Miðflokksins og Flokks fólksins í garð samstarfsmanna sinna og annars nafntogaðs fólks sem hefur komið nálægt stjórnmálum hin síðari ár.

Steingrímur segir fundinn ekki hefjast með hefðbundnum hætti.

„Við erum að undirbúa ýmislegt og eitt af því er upphaf fundarins og menn geta velt því fyrir sér hvort það sé líklegt að hann byrji án þess að þetta á einhvern hátt komi við sögu,“ segir Steingrímur.

„Þetta er upphaf fyrsta fundar eftir að þetta hefur gengið yfir. Einnig verða forsætisnefndarfundur og fundur með formönnum þingflokka svo það mun líklegast eitthvað gerast þar.“

Þingmenn sem Fréttablaðið náði tali af í gær eru á einu máli um að þingstörf verði að komast í fastar skorður nú þegar síðasti mánuður ársins er runninn upp og að minnsta kosti þrjú risastór mál enn óklárуð í þinginu, það eru fjárlög, samgönguáætlun Sigurðar Inga Jóhannssonar og veiðigjaldafrumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar.



> Við erum að undirbúa ýmislegt og eitt af því er upphaf fundarins.
>
> Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis

Þingmenn hafa sín á milli varpað fram ýmsum hugmyndum um hvernig hægt sé að koma þingmönnum Miðflokksins og Flokks fólksins í skilning um að þeir geti ekki og vilji ekki starfa með þeim og að þeir þurfi að víkja hið snarasta. Hugmyndir hafa verið uppi um að víkja úr þingsal ef þeir ætli sér að taka til máls og hvaðeina til að þrýsta á afsögn þeirra.

Einn þingmaðurinn sem Fréttablaðið talaði við í gær segir það ekki koma til greina að einstaklingar, sem hafa orðið fyrir barðinu á þessum sex manna hópi, þurfi að sitja nefndarfundi, eða þá koma fyrir nefndir, þar sem þessir þingmenn eru fyrir á fleti.

Ekki náðist í nokkurn þingmanna Miðflokksins við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

**sveinn@frettabladid.is**

# Neyðarfundur vegna mótmælaöldu

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron Frakklandsforseti kynnti sér aðstæður á breiðgötunni Champs-Elysées í París í gærmorgun. Nóttina áður höfðu mótmælendur, sem kenna sig við Gulu vestin, leikið götuna grátt og kveikt í bílum, verslunum og veitingastöðum.

Í kjölfarið boðaði Macron til neyðarfundar með ráðherrum sínum vegna mótmælanna en þau hafa nú staðið yfir í um tvær vikur. Ekki kom til tals að lýsa yfir neyðarástandi vegna óeirðanna, þó svo að talsmaður ríkisstjórnar Macrons hefði viðrað þá hugmynd fyrir fundinn.

Upphafleg krafa mótmælendanna var að Macron og ríkisstjórn hans kæmi í veg fyrir frekari hækkanir á eldsneyti, en á síðustu dögum hafa mótmælin öðlast víðari skírskotun og beinast þau nú ekki síður að kjörum þeirra sem minnst hafa á milli handanna í Frakklandi.

Dómsmálaráðherra Frakklands, Nicole Belloubet, hefur heitið því að þeir hópar mótmælenda sem gengið hafa fram með ofbeldi verði handsamaðir og sóttir til saka.

Rúmlega 100 hafa særst í mótmælunum og tæplega 400 verið handteknir. Þrír hafa fallið í átökunum. Innanríkisráðuneyti Frakklands áætlar að um 136 þúsund manns hafi tekið þátt í mótmælunum víðs vegar um Frakkland. **– khn**

> Talið er að í kringum 136 þúsund manns hafi tekið þátt í mótmælunum.


NA
NORÐURÁL
Íslenskt ál
um allan heim
Eftir 10 ár má gera ráð fyrir að nánast enginn kaupi bensín- eða dísilbíl á Íslandi. Markmiðið er að nýta íslenska orku og minnka útblástur bíla niður í næstum ekki neitt. Með áli hefur tekist að létta rafbíla um mörg hundruð kíló og þeir verða sífellt sprækari, langdrægari og hagkvæmari í framleiðslu. Ál og álblöndur frá Íslandi koma við sögu í mörgum bíltegundum og við hlökkum til framtíðarverkefna fyrir umhverfisvæna bílaframleiðendur.
Við fögnum þessari þróun og gleðjumst yfir okkar hlutverki í henni.
Annað: 5%
Samgöngur: 27%
Umbúðir: 16%
Neysluvörur: 5%
Byggingariðnaður: 25%
Vélar og tæknibúnaður: 22%
Íslenskt ál um allan heim
nordural.is

# Það sem þjóðin vill ekki



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Síðastliðinn laugardag héldu Íslendingar upp á hundrað ára afmæli fullveldisins í skugga frétta af ótrúlegu hátterni þingmanna á bar í nálægð við Alþingishúsið. Það er dapurlegt þegar nokkrir þingmenn virðast líta svo á að einkar heppileg leið til að slaka á og slappa af í erli dagsins sé að fá sér í glas og níða niður í svaðið samstarfsfólk sitt um leið og keppst er við að klæmast á sem grófastan hátt. Árið 2018 eru til þingmenn á Íslandi sem virðast hafa hreina unun af að tala um konur í stjórnmálum á eins niðrandi hátt og hægt er. „Húrrandi klikkuð kunta“, „algjör apaköttur“, „helvítis tík“ eru dæmi um orð sem féllu í alræmdu kráartali þingmannanna. Það var líkt og þeir hefðu sérstakt dálæti á því að finna sem ógeðslegust orð yfir konur. Aðrir hópar fengu sömuleiðis yfir sig dembur. Þegar kom að svívirðingum var þess vandlega gætt að enginn yrði út undan.

Almenningur sem fagnaði fullveldisdeginum hlýtur að hafa haft orðbragð þingmannanna í huga, ekki síst þeir einstaklingar sem lögðu leið sína niður á Austurvöll. Þar stóðu dyr Alþingis galopnar og þjóðin var boðin velkomin inn. Hætt er við því að þeir fjölmörgu sem þar svipuðust um hafi ekki verið fullir lotningar. Á Austurvelli mótmælti fjöldi fólks framferði þingmannanna. Þjóðin vill geta treyst því að þingmenn landsins vilji vel og hafnar þeim finnist henni þeir ala mannfyrirlitningu í brjósti sér. Alþingi á ekki að vera griðastaður karla sem hugsa og tala á niðrandi hátt um konur, hvort sem þeir hafa fengið sér nokkrum drykkjum of mikið eða ekki.

Á fullveldisdaginn kom í hlut forsætisráðherra Katrínar Jakobsdóttur að setja hátíðardagskrána við stjórnarráðið. Þjóðin hefur átt marga gallaða stjórnmálamenn, en getur huggað sig við að hún á þessa stundina heiðarlegan forsætisráðherra. Við stjórnarráðið þennan ískalda fyrsta dag desembermánaðar var einnig mættur dáður forseti þjóðarinnar, Guðni Th. Jóhannesson, annar strangheiðarlegur ráðamaður. Ekki spillast allir og ofmetnast af því að öðlast völd. Alltaf eru einhverjir sem muna að þeir eru þjónar fólksins og myndu aldrei setjast að sumbli til að opinbera mannfyrirlitningu.

Hundrað ára afmælisdagur fullveldisins var merkilegur. Ekki bara vegna þess að verið var að fagna 100 ára fullveldisafmæli, heldur einnig vegna þess að fullljóst var þennan dag hvað þjóðin vill alls ekki.

Þjóðin vill ekki að á Alþingi sitji fólk sem finnur ánægju í því að svívirða aðra. Þjóðin kærir sig ekki um þingmenn sem hika ekki við að beita öllum ráðum til að koma sjálfum sér á framfæri og telja pólitísk hrossakaup bæði sjálfsögð og eðlileg. Þjóðin vill einfaldlega skikkanlegt fólk á þing.

**Alþingi á ekki að vera griðastaður karla sem hugsa og tala á niðrandi hátt um konur, hvort sem þeir hafa fengið sér nokkrum drykkjum of mikið eða ekki.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Þegiðu, Gunnar Bragi!**
**Gunnari Braga Sveinssyni var svo mjög umhugað um virðingu Alþingis fyrir tæpum sex árum að hann lagði til í ræðustóli að Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingforseti myndi taka Steingrím J. Sigfússon á „kné sér og rassskella“ fyrir að hafa sagt Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, þáverandi formanni Framsóknarflokksins, að þegja á þingfundi. „Það er með ólíkindum að þeir sem tala sem mest um virðingu þingsins – það eru akkúrat þeir sem setja þingið mest niður með vinnubrögðum og orðbragði eins og hæstvirtur fyrrverandi fjármálaráðherra,“ sagði Gunnar Bragi um Steingrím. Nú er komið á daginn að Steingrímur virðist þarna hafa verið að ráða Sigmundi Davíð heilt.**

**Bjór með orðbragði**
**Fróðlegt væri að fá tillögu Gunnars Braga að viðeigandi líkamlegum refsingum sem forseti Alþingis, títtnefndur Steingrímur, ætti að beita þá Miðflokksfélaga fyrir að vanvirða Alþingi yfir drykkjum á Klaustri Bar. Ölduhúsið gerði heiðarlega tilraun til þess að fjarlægja sig frá orðhákunum með því að auglýsa „húrrandi klikkaða jólaglögg“ sem neyta má yfir hljóðnema. Góð tilraun en hefði ekki verið enn áhrifaríkara að láta þau boð út ganga að á dælur staðarins væri kominn jólabjórinn Þinglúðar, með sérstaklega vondu orðbragði?**
thorarinn@frettabladid.is

# Loftslag og vinnumarkaður

Drífa Snædal
forseti ASÍ
Sonja Ýr Þorbergsdóttir
varaforseti Norræna verkalýðssambandsins og formaður BSRB
Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM
Auk formanna annarra aðildarfélaga Norræna verkalýðssambandsins

Í dag er von á 1.200 manns frá öllum heimshornum á þing Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) í Kaupmannahöfn. Á sama tíma og við komum saman á þinginu til að taka ákvarðanir um stefnuna á næsta starfstímabili, ræða um sjálfbæra þróun og leita lausna á viðfangsefnum sem snerta sameiginlega framtíð okkar hefst loftslagsráðstefna SÞ í Katowice í Póllandi.

Það eru blikur á lofti í heiminum. Andlýðræðisleg öfl grafa undan friði og öryggi og lýðræðislegum stofnunum. Hætt er við að tækniframfarir auki ójöfnuð ef ávinningi þeirra er ekki skipt á sanngjarnan hátt. Þar við bætast loftslagsbreytingar með hækkandi yfirborði sjávar, veðurfarsbreytingum og skógareldum. Saman getum við tekist á við þessar áskoranir. Þess vegna hafa ríki heims með Norðurlönd í fararbroddi gert alþjóðlegar áætlanir um umskipti í átt að sjálfbæru samfélagi, eins og til að mynda Dagskrá 2030 sem inniheldur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þeirri þróun vinnum við að í hinni alþjóðlegu verkalýðshreyfingu. Í verkalýðshreyfingunni leggjum við sjálf lóð á vogarskálar sjálfbærrar þróunar þegar við í samningaviðræðum við atvinnurekendur leggjum áherslu á jöfnuð í samhengi við sjálfbæran vinnumarkaði í anda norrænnar vinnumarkaðsmenningar. Mannsæmandi vinnuskilyrði og samráð aðila vinnumarkaðarins eru forsendur þess að umskipti að sjálfbærum vinnumarkaði takist vel. Norðurlönd verða að leggja skýrari áherslu á að áttunda heimsmarkmiðið um mannsæmandi atvinnu er algjört grundvallaratriði. Stéttarfélagsréttindi eru mannréttindi og þau ber að tryggja skilyrðislaust og alls staðar.

**Hætt er við að tækniframfarir auki ójöfnuð ef ávinningi þeirra er ekki skipt á sanngjarnan hátt.**

Við í verkalýðshreyfingunni trúum því, líkt og Ísland sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019, að Norðurlönd eigi sér öfluga rödd sem eigi að heyrast á allsherjarþingi SÞ, á loftslagsráðstefnum SÞ, í kvennanefnd SÞ og gagnvart G20-hópnum. Sú rödd getur orðið enn öflugri. Og það þarf að gerast strax nú á 24. loftslagsráðstefnunni í Katowice. Heimurinn og komandi kynslóðir vænta þess af okkur öllum að við hefjum umskipti í átt að sjálfbæru samfélagi, en jafnframt að umskiptin verði til jöfnunar. Þetta eru skilaboðin til Norrænu ráðherranefndarinnar frá þingi Alþjóðasambands verkalýðsfélaga.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Að líta í eigin barm

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég held ég hafi verið átta ára þegar ég byrjaði að hlera stjórnmálamenn. Ég ólst upp á stjórnmálaheimili. Sífellt kom stjórnmálafólk í heimsókn. Heilu stjórnarmyndunarviðræðurnar áttu sér stað heima. Stundum kom fólk í veislur eða til að skrafa óformlega yfir einhverju glundri í glasi. Þá var talað hátt og hlegið hátt, langt fram á nótt. Hvellar hláturrokurnar í bland við tóbaksreyk gestanna eru hughrif sem líða mér seint úr minni.

Ég átti mér hlerunarstað í stiganum milli hæðanna, þar sem fæstir gáfu litlum dreng í náttfötunum gaum. Þar gat ég hlustað á allt sem fram fór, á báðum hæðum. Þar heyrði ég bæði glaðhlakkalegar og oft glannalegar yfirlýsingarnar innan úr stofu þegar svo bar undir, en líka greindi ég orðaskil í varfærnislegri samtölum sem áttu sér stað inni á kontor. Stundum var fólk ekki sammála. Stundum var greinilegt að einhver var ósáttur við einhvern. Straumar og stefnur rákust á. Persónur glímdu. Hugsjónir voru ósamrýmanlegar. Það var ýmislegt látið flakka. Alls konar stór orð heyrði ég hrynja af vörum valdamanna, stundum þvoglumæltum. Alls konar grín heyrði ég. Alls konar yfirlýsingar þutu um húsakynnin. Alls konar óvarleg orð. Alls konar misgáfulegt geðshræringartal í hita augnabliksins fékk ég að heyra. Alls konar brigslyrði. Alls konar bull og vitleysu.

Ég man hins vegar ekki eftir því að ég hafi nokkurn tímann, í öll þessi ár, heyrt einhvern tala um konu sem kuntu.

**Pólitík og tíkur**

Svo fetaði ég mig sjálfur inn í stjórnmálin. Ég var starfsmaður framboða, í ráðgjafahlutverki ýmiss konar og síðar þingmaður. Í stjórnmálum kynnist maður alls konar fólki og lendir í hinum fjölbreytilegustu kringumstæðum. Yfirleitt var fólk að vinna vinnuna sína, eftir bestu getu og sannfæringu. Edrú. Stundum var þó dottið í það. Það kom fyrir að ég og aðrir fórum heldur óvarlega í eitrið. Gleðskapur stóð fram eftir nóttu.

Yfirleitt var bara gaman. Ýmislegt gat þó gengið á, misgáfulegt. Alls konar yfirlýsingar fengu að fljúga. Það er eins og gengur og gerist held ég, í lífinu öllu og á flestum vinnustöðum. Fólk slettir úr klaufunum. Partíhald getur tekið á sig hinar heimskulegustu myndir. Fólk er ekki alltaf besta útgáfan af sjálfu sér, sérstaklega þegar áfengið er annars vegar. Ég hef átt mína bömmera.

Ég man hins vegar ekki eftir því að ég hafi nokkurn tímann, í öll þessi ár, heyrt eða tekið þátt í tali samþingmanna minna, hvað þá nokkurra klukkustunda tali, um konur sem kuntur og tíkur.

**Öllum getur orðið á. En hvenær hættir hún að virka þessi yfirlýsing í kjölfar þess að maður gerir upp á bak, að aðrir eigi að líta í eigin barm? Auðvitað flýgur sá skítur ekki núna, að aðrir séu hræsnarar.**

**Einstakt ógeð**

Ekki heldur hef ég heyrt mögnuðum, fötluðum mannréttindabaráttukonum líkt við sel út af líkama sínum. Engan hef ég heyrt spúa eins miklum ofbeldisfullum viðbjóði yfir annað fólk og þingmennirnir sex gerðu tímunum saman á Klausturbarnum. Ég hef, í stuttu máli, aldrei heyrt annað eins. Þetta samtal sem þarna fór fram er einstakt.

Mér finnst mikilvægt að þetta sé haft í huga og viðurkennt. Í viðbrögðum sínum við þessari afhjúpun á eðli sínu hafa sumir þátttakendur samtalsins reynt að bregða fyrir sig Jesú Kristi. Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum, er sagt. Fullyrt er að viðbrögð fólks, einkum karla, séu hræsnisfull. Þeir hafi flestir ef ekki allir talað svona sjálfir. Við karlar, segja þessir menn, eigum að líta í eigin barm.

Donald Trump reyndi þetta líka þegar tal hans um að grípa í píkur kvenna var afhjúpað. Hva, sagði Trump, svona tölum við í búningsklefanum.

Nei, hugsaði þá meginþorri karla. Það er ekki satt.

**Förum yfir sviðið**

Ég ætla ekki að setja sjálfan mig á háan hest. Aðrir verða að dæma. Ég treysti mér hins vegar mjög vel til þess að setja nánast alla karlmenn sem ég þekki á háan hest hvað varðar tal á börum, í búningsklefum eða víðar. Ég á engan vin sem talar svona viðurstyggilega um konur og annað fólk. Mín tilfinning er sú að 95% karlmanna geri það ekki. Skoðum þá karla sem eru í helstu áhrifastöðum í samfélaginu: Guðni forseti, Magnús Geir útvarpsstjóri, Páll Matthíasson forstjóri Landspítalans, Dagur borgarstjóri. Hvert sem litið er, til listageirans, til íþrótta, til viðskiptalífsins, til stjórnmálanna. Alls staðar er fullt af körlum sem myndu frekar láta höggva af sér útlim heldur en að tala svona. Í þeirra huga er svona tal óhugsandi.

Jú, breysk erum við öll. Öllum getur orðið á. En hvenær hættir hún að virka þessi yfirlýsing í kjölfar þess að maður gerir upp á bak, að aðrir eigi að líta í eigin barm? Auðvitað flýgur sá skítur ekki núna, að aðrir séu hræsnarar.

Þið verðið bara að segja af ykkur.

# Brennið þið vitar!



Sveinur Ísheim Tummasson
rithöfundur og stjórnmálafræðingur

Í tilefni þess að 100 ár eru liðin síðan einveldið féll og lýðræðið sigraði hér á landi sendir undirritaður Færeyingur íslensku þjóðinni bestu kveðjur með eftirfarandi hugleiðingum um sögulegar staðreyndir.

Elstu núlifandi Íslendingar og Færeyingar fæddust sem borgarar í sama ríki.

Hér er ekki átt við danska ríkið, né norska ríkið frá 1814, heldur hið forna norska ríki Sverris konungs. Noregur og Danmörk gengu í konungssamband 1380 og seinna í tvíríkjasamband (union) í Björgvin 1450. Allt er skráð. Konungssetrið var staðsett í Danmörku, og vald konungs jókst síðan um aldir, en það breytti ekki þeirri staðreynd, að Noregur og Danmörk voru tvö ríki.

Eftir ósigur danska-norska ríkisins í bandalagi með Napoleon Bonaparte varð tvíríkjakonungur að gefa frá sér Meginlands-Noreg (Continental Norway) sem stríðsskaðabætur úr norska ríkinu undir Svíakonung 1814. Frá þeim tíma, hafa verið til tvö norsk ríki sem er sambærilegt og skipting Þýskalands í tvö ríki eftir seinni heimsstyrjöldina.

Í „Austur-Grænlandsmálinu,“ sem endaði með gerðardómsúrskurði í Haag 1933 (http://www.worldcourts.com/pcij/eng/decisions/1933.04.05_greenland.htm), dæmdu fremstu sérfræðingar í alþjóðalögum, að Grænland væri ekki undir nýja norska ríkinu frá 1814, né danska ríkinu, heldur undir hinum forna Noregskonungi, sem samkvæmt áðurgreindum alþjóðasamningum var (og er) einnig konungur danska ríkisins. Þar með er Margrét drottning fyrri Margrét af Danmörku, önnur af Grænlandi og Færeyjum (sambærilegt við: Queen Elisabeth II of England, I of Scotland).

Úrskurðurinn í Haag 1933 staðfestir, að Ísland var enn hluti af forna norska ríkinu allt til 1918 (ásamt Grænlandi og Færeyjum). Þá gengu Íslendingar úr hinu forna norska ríki og stofnaðu nýtt ríki: Konungsríkið Ísland í þríríkjasambandi (tripple monarchy) við danska ríkið og hið forna norska ríki okkar. Íslendingar fengu þá stjórnarskrá, sem var þýðing á hinni dönsku stjórnarskrá, sem er upphaflega frá árinu 1849, en konungur var nú kominn undir íslenska stjórnarskrá (constitutional monarchy).

Í fullveldissamningnum við Danmörku-Noreg hið forna frá 1918 lá réttur Íslendinga til að leysa sig undan konungsvaldi og var það þess vegna afgreiðslumál þegar Íslendingar afnámu konung 1944 og stofnuðu annað lýðveldi Norðurlanda. Finnland og Ísland eru því einu ríkin á Norðurlöndum, sem eru með nútíma stjórnarskipan, lýðveldi.

Frá 1918-2018 eru Grænlendingar og Færeyingar einu þjóðirnar, sem eftir eru í hinu forna norska ríki, og þurfa enn að lúta undir sama stjórnarfar og Íslendingar fyrir 1918, konunglegri einvaldsheimastjórn (royal absolutist homerule systems), þó hafði heimastjórn Íslands sterkari stöðu gagnvart konunglegu samstjórninni í Kaupmannahöfn.

Sagan um Norðmenn, sem flúðu undan norsku konungsvaldi vestur í haf fyrir um það bil 1200 árum, er stórkostleg en þversagnarkennd saga um frelsisþrá og þingræði.

Þrándur í Götu var mikill þingræðissinni og barðist gegn konungs- og kirkjuvaldi í Færeyjum en hann lést árið 1035. Færeyingar gáfu sig undir norskt konungsvald á undan Grænlendingum og Íslendingum. Fót setur enginn fyrir annan, nema fallkominn sé sjálfur, 1177-1319 ríkti færeyska konungsættin yfir Noregsríki. Var það Hákon gamli, afasonur Sverris konungs og ömmusonur Ástríðar dóttur Hróa biskups, bæði frá Kirkjubö í Færeyjum, sem gerði sáttmála við þing Grænlendinga og Íslendinga 1261 og 1262 um að ganga inn í norska konungsríkið.

Má geta þess að lýðræðislega kjörinn forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, er afkomandi Sverris konungs, sendi ég honum og íslensku þjóðinni mínar árnaðaróskir á þessum tímamótum.

Látið lýðræðisljósið lýsa upp til nágrannaþjóða Íslands!


Škodaðu verðið




ŠKODA

Gríptu tækifærið og fáðu þér nýjan ŠKODA á besta verðinu strax í dag. Hlökkum til að sjá þig!

5 FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU

**Škoda Octavia** Limo Ambition / 1.6 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

Besta Škodaverðið 3.850.000 kr.

Listaverð: 4.190.000 kr.

Afsláttur

340.000 kr.



**Škoda Superb** Combi Ambition / 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

Besta Škodaverðið 4.890.000 kr.

Listaverð: 5.410.000 kr.

Afsláttur

520.000 kr.



5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Það tókst og gott betur en lokatölur í leiknum urðu 49-18 Íslandi í vil sem þýðir að liðið leikur í umspili í júní á næsta ári. Leikurinn var afar skrýtinn, en það var klókur varnarleikur og fjölmörg mörk úr hraðaupphlaupum sem skópu stórsigurinn. Þórey Rósa Stefánsdóttir naut góðs af því hvernig leikurinn þróaðist og hún var markahæst hjá íslenska liðinu með 13 mörk.




Þórey Rósa Stefánsdóttir lék á als oddi þegar íslenska liðið fór illa með Aserbaídsjan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Axel Stefánsson, sem marga fjöruna hefur sopið á 20 ára löngum þjálfaraferli sínum, hefur aldrei lent í viðlíka stöðu og í leiknum sem fram fór í gær.

„Þetta var mjög sérstakur leikur að stýra og það er í raun gegn mínum gildum að lemja svona á veikum andstæðingi. Reglurnar eru hins vegar svona og við verðum bara að spila og haga okkar leik í samræmi við það. Við fengum tvo skelli í gær, bæði með því að tapa fyrir Makedóníu og frétta af því að Úkraína hefði unnið jafn stórt og raun bar vitni,“ sagði Axel kampakátur í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn í gær.

> **Það er mikill léttir að hafa náð markmiðinu um komast í umspilið og þetta breytir landslaginu hjá okkur.**
>
> Axel Stefánsson

„Við tókum fund í gærkvöldi, förum yfir stöðuna og skipulögðum hvernig líklegast væri að sigurinn gæti orðið svona stór. Við lékum varnarleikinn á þann hátt að við brutum lítið af okkur, unnum boltann trekk í trekk og skoruðum fullt af auðveldum mörkum í kjölfarið.

Það er mikill léttir að hafa náð markmiðinu um að komast í umspilið og þetta breytir landslaginu hjá okkur,“ sagði hann enn fremur.

„Leikurinn gegn Makedóníu var einnig lærdómsríkur og ungir leikmenn liðsins fengu dýrmæta reynslu í þeim leik. Það hentar okkur illa að leika á móti liðum sem hafa á að skipa þungum og sterkum leikmönnum. Við þurfum að leita leiða til þess að geta gert okkur gildandi gegn þannig andstæðingum. Við erum hins vegar að nálgast sterkari þjóðir með hverjum leik sem við spilum að mínu mati,“ sagði Axel um helgina.

hjorvaro@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
3. DESEMBER 2018 MÁNUDAGUR

## Merkisatburðir



**1804** **Thomas Jefferson kjörinn forseti Bandaríkjanna.**

**1916** Íþróttafélagið Skallagrímur stofnað í Borgarnesi.

**1967** Fyrsta hjartaígræðslan framkvæmd í Suður-Afríku.

**1970** Verslunarmiðstöðin Glæsibær opnar dyr sínar.

**1979** Ruhollah Khomeini valinn fyrstu erkiklerkur Íran.

**1984** Fjögur þúsund manns farast, og um 600 þúsund aðrir veikjast, eftir efnaleka úr verksmiðju Union Carbide í Bhopal í Indlandi.



**1990** **Mary Robinson kjörin forseti Írlands, fyrst kvenna.**

**1992** Gríska olíuflutningaskipið Aegean Sea siglir í strand. Um 80 þúsund tonn af olíu leka í hafið.

**1992** Verkfræðingur hjá Sema group sendir fyrstu smáskilaboðin í gegnum símkerfi Vodafone.

**2014** Japanska geimvísindastofnunin JAXA skýtur Hayabusa2 geimfarinu á loft.




Ástkær pabbi minn,
tengdapabbi og afi,

**Benedikt Gunnarsson**

listmálari og fyrrverandi dósent
í myndlist við KHÍ,
Kastalagerði 13, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn
22. nóvember. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju
þriðjudaginn 4. desember klukkan 15.00.

**Valgerður Benediktsdóttir** **Grímur Björnsson**
**Gunnar Grímsson**
**Sóley Grímsdóttir**





Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar og tengdamóðir,

**Hlíf Guðjónsdóttir**

Lýsubergi 13,
Þorlákshöfn,

andaðist miðvikudaginn 21. nóvember.
Útför fer fram frá Kotstrandarkirkju, Ölfusi,
þriðjudaginn 4. desember kl. 14. Þeim sem vilja minnast
hennar er bent á Líknarfélagið Alfa.

**Tómas B. Guðmundsson**
**Pálína I. Tómasdóttir** **Sigurjón Bergsson**
**Sigríður Tómasdóttir** **Árni I. Sigvaldason**
**Viðir Tómasson** **Elísabet Guðmundsdóttir**
**Guðmundur S. Tómasson** **Sigríður Ósk Zoëga Sigurðard.**
**Ragnheiður Tómasdóttir** **Brynjólfur Magnússon**
**J. Brynja Tómasdóttir** **Helgi Helgason**
**og fjölskyldur.**



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.




**Háskóla Íslands heiðraði sextíu og þrjá nýdoktora á laugardaginn.** MYND/HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Heiðruðu fjölþjóðlegan hóp nýdoktora frá HÍ

**Háskóli Íslands heiðraði nýdoktora með áttunda árið í röð. Um þessar mundir stunda um 600 manns doktorsnám við skólann og frá upphafi hafa á sjöunda hundrað nemenda lokið doktorsnámi við hann. Stór hluti hópsins er af erlendu bergi brotinn.**

Sextíu og þrír doktorar sem brautskráðust frá Háskóla Íslands á síðasta ári voru heiðraðir við hátíðlega athöfn á laugardaginn. Doktorsnemar frá öllum fimm fræðasviðum tóku þar við gullmerki Háskóla Íslands að viðstöddum Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands.

Þetta er í áttunda sinn sem háskólinn heiðrar nýdoktora með þessum hætti, en í hópi brautskráðra að þessu sinni voru 24 karlar og 39 konur. Af heildarfjöldanum eru 44 prósent með erlent ríkisfang. Sá hópur kemur víða að, samkvæmt upplýsingum frá Háskóla Íslands, eða frá 19 löndum Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku.

„Við minnumst þess nú í ár að 100 ár eru liðin frá því Ísland varð fullvalda ríki, 1918. Á þeim tímamótum er einnig vert að minnast þess að árið 1918 voru liðin sjö ár frá því Íslendingar stofnuðu háskóla, 1911. Stofnun Háskóla Íslands er eitt skýrasta dæmið um þá bjartsýni og menntunarhug sem ríkti meðal þjóðarinnar í upphafi nýrrar aldar,“ sagði Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, í ávarpi sínu.

> **Öflugur rannsóknarháskóli er frumskilyrði þess að Ísland verði samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun.**
>
> Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

Um þessar mundir stunda um 600 manns doktorsnám við Háskóla Íslands. Alls munu 60 nemar ljúka doktorsprófi á árinu 2018 og verður heildarfjöldi doktora sem brautskráðst hafa frá Háskóla Íslands frá upphafi á sjöunda hundrað í loks árs.

„Fjöldi doktorsnema við Háskóla Íslands styrkir ótvírætt stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknarháskóla. Um leið gerir það skólanum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðstu menntastofnunar þjóðarinnar. Öflugur rannsóknarháskóli er frumskilyrði þess að Ísland verði samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun, en grunnrannsóknir og góð og fjölbreytt menntun eru jafnan talin ein helsta forsenda hagvaxtar og aukinnar velsældar,“ sagði Jón Atli. **kjartanh@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 3. DESEMBER 1994

## PlayStation kemur á markað

Á þessum degi fyrir 24 árum, eða þann 3. desember 1994, kom PlayStation-leikjatölvan fyrst á markað. Hún fór fyrst í sölu í Japan en nokkrum mánuðum seinna rataði hún í verslanir í Evrópu og Bandaríkjunum.

Vinsældir leikjatölvunnar voru gríðarlegar og á tæpum áratug náði Sony að selja rúmlega 100 milljónir vélar.

Með tilkomu PlayStation urðu straumhvörf í afreyingargeiranum. Skyndilega höfðuðu tölvuleikir til allra. Eftir sátu Nintendo og Sega með sárt ennið, þó að fyrrnefnda fyrirtækið ætti eftir að ná vopnum sínum aftur með tíð og tíma.

Sony hefur haldið áfram að gefa út leikjatölvur undir vörumerkinu PlayStation en í desember á þessu ári markaðssetur fyrirtækið sérstaka viðhafnarútgáfu af upphaflegu leikjavélinni. **– khn**




**PlayStation naut frá fyrsta degi mikilla vinsælda.**


GLAMOUR
Komið í allar helstu verslanir
GLAMOUR
Ísland
desember '18/ janúar '19
Hátíðarblað
Tíska, förðun og heimilið.
Glitrandi fatnaður, förðunarráð og jólaskreytingar.
JÓLIN KOMA
þó að allt sé ekki 100%
Þekktir fagurkerar gefa ráð og segja frá sínu jólahaldi.
Jólagjafahandbók Glamour
yfir 250 JÓLAGJAFA HUGMYNDIR
Glamour auðveldar þér lífið fyrir jólin!
9 772298 718004
Íslenskt tískutímarit

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Breytileg átt 5-13 og dregur úr éljum fyrir norðan, en þykknar upp með snjókoma á köflum V-lands undir kvöld, einkum SV-til. Frost 2 til 12 stig, kaldast N-til.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -3° | -3° |
| ↑ 2 | → 3 | ↗ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -9° | -4° | -11° |
| ↗ 4 | ↗ 2 | ↑ 6 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -3° | -6° |
| ← 4 | ↑ 2 | ↖ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -3° | -0° | -6° |
| ↑ 5 | ↙ 3 | ↗ 5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | | 3 | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. sanka saman
5. mjög
6. tveir eins
8. undanhaldi
10. átt
11. bókstafur
12. fránn
13. stagl
15. sköpun
17. gabba

**LÓÐRÉTT**
1. hópast
2. heila
3. skordýr
4. sjúkdóm
7. samtal
9. verkfæri
12. viðskipti
14. frumefni
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** safna, **5.** all, **6.** ss, 8. flótta, **10.** na, **11.** emm, **12.** snar, **13.** stag, **15.** tilurð, **17.** narra.
**LÓÐRÉTT: 1.** safnast, **2.** alla, **3.** fló, **4.** astma, **7.** samræða, **9.** tengur, **12.** sala, **14.** tin, **16.** rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Arnar Þorsteinsson (2.190), Skákfélagi Akureyrar, átti leik gegn Jóni G. Briem (2.034), Skákdeild KR, á Íslandsmóti skákfélaga.

**29...Hxb2+! 30. Ka1 (30. Dxb2 Db7). 30...Db7 31. Hhh1 Hxc2 32. Hh3 Hc1+! 0-1.**

Guðmundur Kjartansson og Helgi Áss Grétarsson urðu meðal sigurvegara á alþjóðlegu móti sem lauk á Spáni í gær.

**www.skak.is:** Nánar um Spánarmótið

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 3 |
| 7 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Verk eftir Louisu Matthíasdóttur og Svavar Guðnason verða boðin upp hjá Gallerí Fold í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 3. DESEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Hausttónleikar hljóðfærabrautar 1/3
**Hvenær?** 18.00 og 20.00
**Hvar?** Kirkju óháða safnaðarins, Háteigsvegi
Nemendur hljóðfærabrautar efna til hausttónleika í Kirkju Óháða safnaðarins, Háteigsvegi 56, mánudaginn 3. desember klukkan 18 og 20.

**Hvað?** Jólatónleikar Tónlistarskóla Vestmannaeyja
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Tónlistarskóla Vestmannaeyja
Jólatónleikar Tónlistarskóla Vestmannaeyja verða alla virka daga vikunnar 3.-7. desember í sal Tónlistarskólans. Þar munu nemendur skólans koma fram og spila á hin ýmsu hljóðfæri. Sérstakir söngnematónleikar verða mánudaginn 10. desember í safnaðarheimili Landakirkju. Tónleikarnir eru allir kl. 17.30 og eru opnir öllum.

### Viðburðir

**Hvað?** Transport for People in Nordic Cities
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Fyrst segir Peter Myhre, fyrrverandi borgarstjóri í Osló, frá því af hverju rafmagnsbílar eru svo vinsælir í Osló og Noregi, og hvernig almenningssamgöngur urðu vinsælasti samgöngumátinn í Osló. Síðan segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir frá fortíð og framtíð borgarskipulags í vaxandi bæ, en Sigurborg Ósk vinnur hjá umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar. Fundurinn verður á ensku.

**Hvað?** Ari Eldjárn prófar nýtt grín
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíói
Ari Eldjárn stendur fyrir skemmtilegri og tilraunakenndri uppistandssýningu þar sem hann prófar nýtt grín. Á sýningunni, sem varir í um klukkustund, fá gestir að heyra nýtt og áður óbirt efni úr smiðju Ara. Ari er fyrir löngu orðinn einn allra vinsælasti uppistandari þjóðarinnar og hefur komið fram í sjónvarpsþáttum á borð við Comedy Allstars Supershow og Mock the Week. Þá hefur sýning hans Pardon My Icelandic verið sýnd í Edinborg, London og Melbourne.

**Hvað?** Verkstæði Jólasveinsins – Umhverfisvænar gjafir í skóinn
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Kæri Jólasveinn, ert þú í vandræðum með að finna plastlausar gjafir í skóinn? Norræna húsið verður með pop-up verslun 22. nóvember til 20. desember þar sem jólasveinar geta keypt umhverfisvænar gjafir í skóinn. Hjá okkur finnur þú bækur, ullarsokka, hljóðfæri, spil, tréliti, púsl, Línu-dúkkur og margt margt fleira. Verð frá 99 til 3000 kr. Verslunin er opin virka daga frá kl. 9-17 og 10-17. Verið öll hjartanlega velkomin.

**Hvað?** Uppboð nr. 113
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gallerí Fold, Rauðarárstíg
Síðasta listmunauppboð ársins í Gallerí Fold mun fara fram mánudaginn 3. desember nk. kl. 18 í húsnæði gallerísins við Rauðarárstíg. Uppboðið er númer 113. Meðal uppboðsverka kennir ýmissa grasa. Búist er við miklum áhuga á tveimur verkum Louisu Matthíasdóttur en þar er annars vegar um að ræða sjálfsmynd af listakonunni og olíumálverk af stúlku með hundi. Einnig er búist við að stórt olíumálverk eftir Svavar Guðnason frá um 1970 sem er með sterkum höfundareinkennum hans veki athygli. Einnig verða boðin upp tvö abstraktverk á pappír eftir hann.

**Hvað?** Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafninu Grófinni
Tilkynnt verður um tilnefningar til Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna í Grófinni. Verðlaunin verða svo veitt á árlegri bókmenntahátíð kvenna – Góugleðinni. Þau eru veitt fyrir barna- og unglingabækur, skáldverk fyrir fullorðna og fræðibækur. Þrjár bækur verða tilnefndar í hverjum flokki. Fjöruverðlaunin voru fyrst veitt árið 2007.

**Hvað?** Opið málþing Allsgáðrar æsku
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bústaðakirkju
Fundurinn höfðar sérstaklega vel til foreldra ungmenna og þeirra sem hafa áhuga á forvörnum. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir

### Sýningar

**Hvað?** Fullvalda konur og karlar – Ljósmyndasýning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafninu Grófinni
Ljósmyndasýningin Fullvalda konur og karlar hampar þeim sem börðust fyrir fullveldi og stjórnmálaréttindum Íslendinga, konum og körlum. Myndum er varpað á tjald í glugganum á Borgarbókasafninu í Kvosinni og er sýningin aðgengileg vegfarendum eftir sólsetur.

**Hvað?** Sögunnar minnst – Örsýning
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Bókasafni Seltjarnarness
Ísland varð frjálst og fullvalda ríki með gildistöku sambandslaganna 1. desember 1918. Bókasafn Seltjarnarness minnist atburða ársins 1918 í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands með örsýningum og framsetningu á bókum, lesefni og myndefni. Nú er það Fullveldið ásamt sýningunum Frostaveturinn mikli, Spænska veikin og Kötlugosið.










# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Friends
**07.50** The Mindy Project
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Grand Designs
**10.30** Great News
**11.00** Project Runway
**11.45** Heimsókn
**12.10** Maður er manns gaman
**12.35** Nágrannar
**13.00** So You Think You Can Dance 15
**13.40** So You Think You Can Dance 15
**14.25** So You Think You Can Dance 15
**15.05** Jamie Oliver's Italian Christmas
**15.55** The Great British Bake Off
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Um land allt Kristján Már Unnarsson skoðar virkjanir Þjórsársvæðis, sem verða grunnurinn að þjóðarsjóði Íslendinga. Búrfellsstöð, fyrsta stórvirkjun landsins, var gangsett árið 1969 og í sumar var lokið smíði sjöundu virkjunarinnar á svæðinu. Við hittum fólk sem annast rekstur stöðvanna og vann að smíði þeirra. Jafnframt verða fossar skoðaðir sem misst hafa vatnsrennsli vegna framkvæmdanna.
**20.10** Grand Designs
**21.00** Manifest Dulafullir spennuþættir í leikstjórn Óskarsverðlaunahafans Roberts Zemeckis. Flug 828 frá Montego flugfélaginu lendir eftir óvenju mikla ókyrrð í lofti. Á meðan farþegarnir upplifðu aðeins nokkurra klukkutíma ókyrrð töldu aðstandendur þeirra þá af þar sem það fannst hvorki tangur né tetur af flugvélinni í fimm ár.
**21.45** S.W.A.T.
**22.35** Insecure
**23.10** 60 Minutes
**23.55** Blindspot
**01.35** Crashing
**02.05** Barry
**02.35** C.B. Strike
**03.30** C.B. Strike

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Cardiff - Wolves
**08.40** Leicester - Watford
**10.20** Newcastle - West Ham
**12.00** Crystal Palace - Burnley
**13.40** Messan
**14.40** Sheffield United - Leeds
**16.20** Selfoss - Stjarnan
**17.50** Spænsku mörkin
**18.20** Football League Show
**18.50** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2018/2019
**19.15** Valur - Haukar
**21.15** Seinni bylgjan
**22.45** Premier League Review
**23.40** Atalanta - Napoli

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** Girona - Atletico Madrid
**10.20** Messan
**11.25** Chelsea - Fulham
**13.05** Arsenal - Tottenham
**14.45** Detroit Lions - LA Rams
**17.05** New England Patriots - Minnesota Vikings
**19.25** Atalanta - Napoli
**21.30** Premier League Review 2018/2019
**22.25** Barcelona - Villarreal

## STÖÐ 3

**19.10** Baby Daddy
**19.35** Schitt's Creek
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Who Do You Think You Are?
**21.35** Legends of Tomorrow
**22.20** The Detour
**22.45** Stelpurnar
**23.10** Flash
**00.25** Schitt's Creek
**00.50** Seinfeld
**01.15** Friends
**01.40** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.25** Ævintýraferðin
**07.37** Gulla og grænjaxlarnir
**07.48** Hvellur keppnisbíll
**08.00** Stóri og litli
**08.13** Tindur
**08.23** Mæja býfluga
**08.35** K3
**08.46** Grettir
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.54** Pingu
**11.00** Strumparnir
**11.25** Ævintýraferðin
**11.37** Gulla og grænjaxlarnir
**11.48** Hvellur keppnisbíll
**12.00** Stóri og litli
**12.13** Tindur
**12.23** Mæja býfluga
**12.35** K3
**12.46** Grettir
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.54** Pingu
**15.00** Strumparnir
**15.25** Ævintýraferðin
**15.37** Gulla og grænjaxlarnir
**15.48** Hvellur keppnisbíll
**16.00** Stóri og litli
**16.13** Tindur
**16.23** Mæja býfluga
**16.35** K3
**16.46** Grettir
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.54** Pingu
**19.00** Pétur og kötturinn Brandur



**Dóra könnuður, 09.00, 13.00 og 17.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Hero World Challenge
**13.00** The Open Official Film
**14.00** Hero World Challenge
**19.00** PGA Highlights
**19.55** LPGA Tour
**21.20** The Open Official Film
**22.20** PGA Highlights

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.35** High Strung
**14.10** Step
**15.35** Home Again
**17.15** High Strung
**18.55** Step
**20.20** Home Again Gamanmynd frá 2017 með Reese Witherspoon í aðalhlutverki. Eftir að hafa gengið í gegnum skilnað flytur Alice Kinney ásamt dætrum sínum aftur á æskuslóðirnar í Los Angeles, endurnýjar kynnin við gamla vinahópinn og hefur nýtt líf.
**22.00** The Lost City of Z
**00.20** Keanu
**02.00** American Honey
**04.40** The Lost City of Z

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2010-2011
**14.00** Úr Gullkistu RÚV: 90 á stöðinni
**14.20** Á götunni
**15.00** Úr Gullkistu RÚV: Af fingrum fram
**15.40** Úr Gullkistu RÚV: Inndjúpið
**16.15** Annar heimur
**16.45** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Jóladagatalið: Hvar er Völundur?
**18.06** Klaufabárðarnir
**18.15** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**18.26** Ronja ræningjadóttir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.05** Annar heimur
**20.30** Attenborough: Furðudýr í náttúrunni
**21.05** Undir sama himni
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Leonard Bernstein - Á ýmsum sviðum
**23.15** Leyndarmál Kísildalsins - Seinni hluti
**00.10** Kastljós
**00.25** Menningin
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** 90210
**14.35** 9JKL
**15.00** Black-ish
**15.25** Will & Grace
**15.50** Læknirinn í eldhúsinu - ferðalag bragðlaukanna
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Superstore
**20.10** Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell & Back
**21.00** Hawaii Five-0
**21.50** Condor
**22.40** Chance
**23.25** The Tonight Show
**00.55** CSI
**01.40** Instinct
**02.25** FBI
**03.10** Code Black
**03.55** The Chi
**04.45** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

TELJUM NIÐUR TIL JÓLA
JÓLADAGATÖL RÚV



**RÚV kl. 20:00**

**Annar heimur**
Danskt jóladagatal fyrir alla fjölskylduna um tvíburasysturnar Önnu og Söru sem stíga óvænt inn í töfraheim sem byggður er á ævintýrum Grimmbræðra.



**RÚV kl. 18:00**

**Hvar er Völundur?**
Þeir Felix og Gunni lenda í alls kyns uppákomum og ævintýrum í leit sinni að jólagjafasmiðnum Völundi.



**RÚV NÚLL**

**Sælla að gefa**
Jóladagatal RÚVnúll 2018. Karen Björg Þorsteinsdóttir græjar 24 jólagjafir fyrir vini og fjölskyldu fyrir AFAR lítinn pening og leyfir okkur að fylgjast með.
Alla daga til jóla á RÚVnúll.is

RÚV okkar allra

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

Við óskum höfundum Forlagsins til hamingju með tilnefningarnar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna

2018

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

## FAGUR-BÓKMENNTIR

GERÐUR KRISTNÝ




HALLGRÍMUR HELGASON




## FRÆÐIBÆKUR

AUÐUR JÓNSDÓTTIR
BÁRA HULD BECK
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR




HÖRÐUR KRISTINSSON
JÓN BALDUR HLÍÐBERG
ÞÓRA ELLEN ÞÓRHALLSDÓTTIR




ÞÓRUNN JARLA VALDIMARSDÓTTIR




## BARNA- OG UNGMENNABÆKUR

RAGNHEIÐUR EYJÓLFSDÓTTIR




SIGRÚN ELDJÁRN




HILDUR KNÚTSDÓTTIR




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–17 | **www.forlagid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Frægir á ferð og flugi




Hjónakornin Hafþór Júlíus og Kelsey Morgan Henson koma út af flugvellinum í Los Angels. Fjórar ferðatöskur og handfarangur. Hér er ekki ferðast létt.

Ljósmyndarar Getty eru ávallt með linsuna á lofti og mynda fræga fólkið hvar sem það stígur niður fæti um víða veröld. Okkar maður Hafþór Júlíus Björnsson varð á vegi þeirra að þessu sinni en hann og eiginkona hans Kelsey Morgan Henson eru í Los Angeles þar sem ljósmyndarar smelltu mynd af þeim.



Bradley Cooper, Sam Elliott og Lady Gaga mæta á American Cinematheque-verðlaunahátíðina í Beverly Hills þar sem Cooper var heiðraður.



Kate Beckinsale og Stephen Simbari mættu á leik Los Angeles Lakers og Indiana Pacers.



Quentin Tarantino leiðir nýbakaða brúði sína Danielu Pick út af veitingastað í Beverly Hills.



Sigourney Weaver mætti í 40 ára afmæli Alien sem haldið var í Symphony Space í New York. Talaði þar um myndina og sagði áður ósagðar sögur.



Djammdrottningin Paris Hilton var hress um helgina í Los Angeles.


## Úlfarsfell – fjarskiptamastur og útsýnispallur

### Kynningarfundur fimmtudaginn 6. desember kl. 20 í Dalskóla

Reykjavíkurborg og Sýn hf/ Vodafone hafa látið vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir um 1,3 hektara svæði á toppi Úlfarsfells þar sem fyrirhugað er að reisa 50 metra hátt fjarskiptamastur fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli.

Umrædd framkvæmd tryggir fullnægjandi útvarps- og fjarskiptaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og til að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja er lagt til að unnið verði með náttúruleg byggingarefni á þann hátt að mannvirkin falli sem best inn í landslagið og umhverfið.

Á fundinum verða kynntar tæknilegar forsendur verkefnisins og skipulagstillaga sem er í kynningarferli.

Fundurinn er haldinn í Dalskóla, Úlfarsbraut 118–120, 113 Reykjavík, fimmtudaginn 6. desember, kl. 20.

*Allir velkomnir!*

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið




KAUPTU NÝJAN OPEL
OG FÁÐU RISAJÓLAGLAÐNING Í KAUPAUKA
Risakaupauki fylgir öllum nýjum Opel-bílum út desember
520.000 kr.
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 200.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 120.000 kr.
Kynntu þér Opel Crossland X
betur á crossland.opel.is
CROSSLAND X
EURO NCAP
FOR SAFER CARS
Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.
Opel Crossland X
Verð frá 3.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá 2.990.000 kr.
650.000 kr.
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 300.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 150.000 kr.
Kynntu þér Opel Grandland X
betur á grandland.opel.is
GRANDLAND X
5 ára ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni
Þýsk desembergleði Opel
verður haldin laugardaginn 1. desember
milli 12–16 í nýjum höfuðstöðvum
Opel að Krókhálsi 9 og þér er boðið.
Opel Grandland X
Verð frá 4.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá 3.990.000 kr.
THE FUTURE IS EVERYONE'S
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.
Pipar\TBWA \ SÍA
Komdu við hjá okkur í nýjum
sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.
Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330
Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna

VERNDARVÆNGUR
EDDU HEIÐRÚNAR BACKMAN



38



„Það fer sama orkan í að elska og skapa“

*Edda Heiðrún Backman*

Edda Heiðrún Backman, leikari, leikstjóri og myndlistamaður lést árið 2016 eftir hetjulega baráttu við MND-sjúkdóminn. Í veikindum sínum náði Edda stórfenglegum árangri í að mála með munninum. Hún gerði helst myndir af fuglum og fólkinu sem henni var kært.

Í samráði við fjölskyldu hennar þá höfum við prentað eitt hennar allra þekktasta verk, **VERNDARVÆNG**, á sængurfatnað.

Sængurfötin eru úr sérlega mjúku bómullarsatíni. Framleidd af þýska fyrirtækinu Elegante. Falleg og hlýleg jólagjöf.

26.900 kr.

Sængurver og koddaver

elegante bed-linen fashion

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK



Gestir Laugarvatnshellis ferðast hundrað ár aftur í tímann, en þá var síðast búið í hellinum.

# Í fótspor íslenskra hellisbúa

Laugarvatnshellir er manngerður hellir við Laugarvatn og fyrir hundrað árum bjó þar fólk í nokkur ár. Ferðaþjónustufyrirtæki endurbyggði vistarverurnar og segir sögu þeirra í upplifunarferð.

The cave people nefnist upplifunartúr þar sem gestir fá að gægjast 100 ár aftur í tímann og kynnast því hvernig var að búa í helli. Laugarvatnshellir er manngerður hellir í nágrenni við Laugarvatn en ekki er vitað hver eða hverjir komu að gerð hans – einhverjir hafa haldið því fram að írskir munkar hafi grafið þennan helli fyrir landnám, en enginn veit það með vissu þó. Lengi vel var hellirinn notaður af bændum sem skýldu sér og sauðfé sínu þar. Árið 1910 flutti ungt par inn í hellinn og bjó þar í heilt ár, átta árum síðar flutti svo annað par þangað og bjó í fjögur ár. The cave people býður upp á ferðalag inn í líf þessa fólks.

„Í þessum helli bjuggu síðustu hellisbúar Íslands. Þegar þau flytja út árið 1922 var allt tekið niður – en þau höfðu byggt fínasta íbúðarhúsnæði þarna. Það var árið 2017 sem við endurgerðum það húsnæði og í dag lítur þetta nokkurn veginn út eins og það gerði þegar fólkið bjó þar,“ segir Smári Stefánsson hjá The cave people.

Smári segist hafa haft þessa hugmynd í kollinum í nokkurn tíma en hann hefur rekið ferðaþjónustufyrirtæki svona til hliðar við önnur störf síðan árið 2008. Árið 2016 ákvað hann að kýla á þetta og fara að undirbúa verkefnið.

„Mér fannst þetta svo ótrúlega merkilega saga og ég tók eftir að enginn var að segja hana. Þannig að við fórum í að endurgera hellinn svo fólk gæti farið hundrað ár aftur í tímann og upplifað hvernig það væri að búa þarna.“



**Hellirinn í vetrarbúningi.**

Farið er með fólk inn í hellinn þar sem því er sýnt hvernig búið var í honum, en hellirinn er allur innréttaður með húsgögnum og segir Smári að þetta sé í raun lifandi safn.

„Þarna inni segjum við gestum svo sögu hellisbúanna; hvers vegna þeir bjuggu þarna, sögur af erfiðleikum þeirra og hamingju.“

Árið 2017 þegar The cave people var að fara af stað með verkefnið ákváðu þau að skrá sig í viðskiptahraðalinn Startup Tourism.

„Þetta var rosalega gott fyrir okkur vegna þess að við vorum með lausmótaða hugmynd þegar við byrjuðum. Það er svo margt í svona ferli sem maður áttar sig ekki á fyrr en maður rekur sig á, hlutir sem maður fattar ekki að hugsa út í einu sinni fyrr en maður þarf að gera þá.

**MÉR FANNST ÞETTA SVO ÓTRÚLEGA MERKILEGA SAGA OG ÉG TÓK EFTIR AÐ ENGINN VAR AÐ SEGJA HANA. ÞANNIG AÐ VIÐ FÓRUM Í AÐ ENDURGERA HELLINN SVO FÓLK GÆTI FARIÐ HUNDRAÐ ÁR AFTUR Í TÍMANN OG UPPLIFAÐ HVERNIG ÞAÐ VÆRI AÐ BÚA ÞARNA.**

Með því að fara í þennan hraðal var okkur ýtt út í alls kyns sem við hefðum kannski ekki hugað að nema fyrir það. Það er í raun þessum viðskiptahraðli að þakka að við gátum opnað þarna strax vorið 2017 – þetta hefði pottþétt ekki verið tilbúið þá hefðum við ekki tekið þátt. Síðan er auðvitað frábært að hitta fólk sem hefur verið í sömu sporum og kann þetta – maður fær hálfgert „short cut“ og þarf ekki endilega að reka sig á allt.“

Boðið er upp á The cave people túrinn í allan vetur. Fyrsta árið var lokað yfir veturinn en viðtökurnar hafa verið það góðar segir Smári að ekkert var í vegi fyrir að opið væri yfir veturinn þetta árið.

Smári segir að gestir hellisins séu góð blanda íslenskra og erlendra ferðamanna – Íslendingar hafi verið í meirihluta fyrst þegar þeir opnuðu en svo hafi þetta blandast og sé nánast jafnt í dag.

Í dag er síðasti dagurinn til að sækja um í Startup Tourism viðskiptahraðlinum.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# STERKT GENGI!

TILBOÐSVERÐ:
3.199.-
Verð áður:
4.499.-




**Verstu börn í heimi 1 & 2**
**TILBOÐSVERÐ: 2.499.- (stk.)**
Verð áður: 3.999.- (stk.)




**Miðnæturgengið**



## Walliams snýr aftur með geggjaða bók fyrir káta krakka!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gildir til og með 6. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR
Láru G. Sigurðardóttur



# Bakkusbræður

Myndir þú skilja barnið þitt eftir hjá dagmömmu sem angar af áfengi? Stíga upp í flugvél í umsjá flugmanns sem er orðinn léttur? …eða leggjast undir hnífinn hjá ölvuðum skurðlækni? Hvað með að treysta blekuðum þingmanni til að stjórna landinu? Bakkus hefur lengi loðað við Alþingi en í gegnum tíðina hefur merkilega lítið verið agnúast út í það.

Bakkus er jú vinsæll því hann fyllir okkur af sæluvímu enda var hann lengi vel best þekktur sem vínguð Rómverja. Bakkus karlinn er nefnilega klókur. Þegar hann sendir okkur inn í sæluheim vellíðunar er hann rétt að undirbúa vinnu sína. Það eru ekki margir jafnskæðir og hann, að eiga þátt í að valda yfir 200 kvillum sem hrjá okkur mennina. Og hann hlífir ekki heilanum.

Rannsóknir sýna að heili alkóhólista skreppur saman sem hefur meðal annars í för með sér að þeir eiga erfitt með að tileinka sér nýja þekkingu og þjást af minnistruflunum. Framheilinn er aðalskotmarkið – blóðflæði þar mælist allt að 65% minna – en það er sá hluti heilans sem bremsar okkur af í að gera einhverja vitleysu sem við myndum sjá eftir, leysir flókin vandamál, skipuleggur framtíðina og tekur vitrænar ákvarðanir. Sem betur fer geta þessar breytingar gengið til baka hjá stórum hluta þeirra sem segja skilið við Bakkus.

Það er fyrir neðan virðingu Alþingis, og í raun hvaða vinnustaðar sem er, að starfsmenn þess lítilsvirði samstarfsmenn sína með niðrandi baktali og kynferðislegum athugasemdum. Það er ekki hægt að skella skuldinni á boðsgestinn Bakkus. Áfengisneysla á alls ekki að líðast á vinnutíma. Hvorki hjá mér eða þér – né þingmönnum.







